

Skýrsla stjórnar Íslandsdeildar ICOM fyrir starfsárið 2024 til 2025

Lögð fram á aðalfundi félagsins þann 20. maí 2025.

Skýrsla þessi nær yfir starfstímabil Íslandsdeildar ICOM (ICOM IS) milli aðalfunda, frá 18. apríl 2024 til 20. maí 2025.

Stjórnskipan

Stjórn skipa Hólmur Hólm, formaður, Berglind Þorsteinsdóttir, gjaldkeri, og Ragnheiður Vignisdóttir, ritari, ásamt Hjördísi Pálsdóttur og Birni Péturssyni, meðstjórnendum. Stjórn hélt þrjá fundi á tímabilinu. Formenn FÍSOS (Félags íslenskra safna og safnafólks) og ICOM IS hafa auk þess fundað reglulega um þau verkefni sem félögin standa að í sameiningu, svo sem framkvæmd Alþjóðlega safnadagsins. Félögin tvö hafa unnið vel saman í gegnum tíðina og vill stjórnin koma á framfæri þakklæti til stjórnar FÍSOS fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf og væntir áframhaldandi samheldni í kringum þau verkefni sem framundan eru. Einnig færir stjórn verkefnisstjóra FÍSOS og Alþjóðlega safnadagsins þakkir fyrir frábær störf við sameiginleg verkefni félaganna. Sömuleiðis fær starfsfólk safnaráðs bestu þakkir fyrir gott og gjöfult samstarf, þar á meðal um árlegt málþing í tilefni safnadagsins.

Félagatal og rekstur

Við ritun þessarar skýrslu telja félagar í Íslandsdeildinni í heildina 205 manns en samþykktar nýskráningar í félagið voru 16 talsins á starfstímabilinu. Félagar með einstaklingsaðild skiptast í þrjá flokka: 165 almennir meðlimir, 12 nemar og 9 eftirlaunaþegar.¹ Með stofnanaaðild eru svo höfuðsöfnin þrjú, auk Stofnunar Árna Magnússonar.

¹ Félagar sem hafa staðið skil á félagsgjöldum, auk nýskráðra félaga á árinu 2025.

Í samræmi við starfshætti landsdeilda ICOM notar Íslandsdeildin gagnagrunninn IRIS sem umsýslukerfi utan um aðildarumsóknir og félagatal deildarinnar. Þá eru allar nýskráningar afgreiddar í gegnum alþjóðlegan umsóknarvef á vegum aðalskrifstofu ICOM og er umsóknarvefur þessi beintengdur við IRIS. Á síðasta ári urðu breytingar á aðalskrifstofu ICOM, þar sem Íslandsdeildin fékk nýjan tengilið til þess að annast umsóknir og útgáfu aðildarskírteina en þetta leiddi til þess að taka þurfti upp nýja verkferla með tilheyrandi töfum á útgáfu skírteina. Þegar síðast var óskað eftir skírteinum fyrir nýja féлага gekk sú beiðni hins vegar hratt og vel fyrir sig og vonar stjórn að leyst hafi verið úr fyrri vanda.

Í tengslum við aðildarumsóknir hefur stjórn einnig gert forkönnun varðandi viðmið fyrir nemaadild en landsdeildum er í sjálfsvald sett hvernig farið er með slíkar umsóknir. Horft hefur verið til þeirra viðmiða sem aðrar landsdeildir hafa sett í þessum efnum en talsverður munur er á slíku eftir löndum. Mun stjórn í framhaldinu skoða hvernig best sé að haga þessu til að tryggja jafnræði og skjóta afgreiðslu umsókna.

Sem fyrr hvetur stjórn félaga einatt til að nýta sér aðildina að ICOM til hins ýtrasta. Ekki aðeins með því að nýta frían aðgang að söfnum á heimsvísu, heldur einnig með þátttöku í alþjóðadeildum, faghópum, námskeiðum og ráðstefnum sem haldnar eru víðs vegar um heiminn og á netinu. Nánari upplýsingar um starfsemi og dagskrá ólíkra deilda ICOM má finna á heimasíðu Alþjóðaráðsins, icom.museum.

Á tímabilinu sótti stjórn ICOM IS um styrk úr aðalúthlutun safnasjóðs til útgáfuverkefnis sem hefur verið í þróun um tíma. Styrkurinn er að upphæð 1.700.000 króna og er útgáfan áætluð undir lok þessa árs. Efni útgáfunnar er inngilding í starfi safna og er hún unnin í tilefni af því að árið 2025 eru 40 ár liðin frá stofnun Íslandsdeildarinnar. Þá sótti FÍSOS um styrk í safnasjóð fyrir Alþjóðlega safnadeginum en samkvæmt venju hefur FÍSOS annast þá umsókn og ICOM IS umsókn um styrk fyrir Íslensku safnaverðlaununum. Úr styrktarsjóði menningarráðuneytisins, Hvata, hlaut ICOM IS svo rekstrarstyrk upp á 500.000 krónur.

Alþjóðlegi safnadagurinn 2024 og 2025

Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn ár hvert þann 18. maí en markmiðið með deginum er að vekja athygli á starfsemi safna og mikilvægu hlutverki þeirra í þágu samfélagsins með veglegri dagskrá og kynningu. Alþjóðlegi safnadagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur af ICOM árið 1977 en hér á landi hefur deginum verið fagnað síðan 1997. Alþjóðaráðið velur safnadeginum sérstaka yfirskrift hverju sinni, auk þess að tengja hana við valin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, en árið 2024 var þemað *Söfn í þágu fræðslu og rannsókna*. Þá fellur safnadagurinn 2025 einnig inn á tímabil þessarar skýrslu en yfirskrift dagsins í ár var *Framtíð safna í síbreytilegum samfélögum*.

ICOM IS kynnir yfirskrift safnadagsins fyrir íslensku samfélagi og almenningi í nánun samstarfi við FÍSOS, með stuðningi frá safnaráði. Þá hefur Dagrún Ósk Jónsdóttir, þjóðfræðingur og starfsmaður FÍSOS, sinnt stöðu verkefnisstjóra líkt og áður og séð um að skipuleggja viðburði í tilefni dagsins og annast kynningarmál. Söfn hafa eindregið verið hvött til að taka þátt í deginum með viðburðahaldi, sem og að miðla fróðleik og skemmtun á samfélagsmiðlum, en fjöldi safna býður upp á ókeypis aðgang í tilefni dagsins. Einnig hefur verið vakin athygli á deginum á Instagram og Facebook, þar sem kynningarefni er deilt í því skyni að auka sýnileika verkefnisins og veita almenningi innsýn í safnastarfið. ICOM IS og FÍSOS hafa þá látið framleiða kynningarmyndbönd þar sem rætt er við ólíka aðila um söfn og safnadaginn.

Formaður hefur einnig skrifað greinar í fjölmiðla í tilefni dagsins en árið 2024 var birt [grein í Morgunblaðinu](#), þar sem fjallað var um hlutverk safna sem miðstöðva sem búa til og miðla þekkingu, auk þess minnst var á Íslensku safnaverðlaunin og tilnefnd söfn. Í ár skrifaði formaður svo [grein á Vísu](#) þar sem vakin var athygli á þema ársins og þýðingu safna fyrir nærsamfélagið jafnt sem heimssamfélagið, með tilliti til mannréttinda og fjölbreytileika. Í greininni var einnig minnst á [yfirlýsingu](#) sem ICOM IS og FÍSOS sendu frá sér í sameiningu, þar sem safnstjórum höfuð- og viðurkenndra safna á Íslandi, auk fulltrúum safnaráðs og námsbrautar í safnafræði við Háskóla Íslands, var boðið að rita undir og styðja þannig við [fyrri yfirlýsingu frá Samtökunum '78](#). Yfirlýsingin var send út 17. maí, á alþjóðlegum degi gegn fordómum í garð hinsegin fólks, sem tákn um samstöðu og ábyrgð safna í að standa með mannréttindum, fjölbreytileika og virðingu fyrir öllum.

Málþing: Söfn í þágu fræðslu og rannsókna

Í tilefni af Alþjóðlega safnadeginum 2024 efndu ICOM IS, FÍSOS og safnaráð til málþings í Listasafni Reykjavíkur undir yfirskriftinni *Söfn í þágu fræðslu og rannsókna*. Málþingið var haldið þann 14. maí og var því jafnframt streymt í beinni útsendingu í gegnum Facebook-síðu ICOM IS og Alþjóðlega safnadagsins, þar sem nálgast má upptöku frá viðburðinum. Á dagskránni voru erindi um þrjú verkefni sem hlotið hafa öndvegissstyrk úr safnasjóði og tengjast öll þema safnadagsins. Í lok málþingsins var einnig boðið upp á leiðsögn um sýninguna *Borghildur Óskarsdóttir: Aðgát* sem er hluti af þriggja ára rannsóknarverkefni Listasafns Reykjavíkur um hlut kvenna í íslenskri listasögu, sem er einmitt á meðal þeirra verkefna sem hafa hlotið öndvegissstyrk úr safnasjóði.

Afhending Íslensku safnaverðlaunanna 2024

ICOM IS og FÍSOS standa að Íslensku safnaverðlaununum í sameiningu en á Alþjóðlega safnadaginn 2024 voru verðlaunin afhent í 14. sinn. Tilnefningar voru kynntar sumardaginn fyrsta en tilnefnd söfn voru: Gerðarsafn, Listasafn Íslands,

Listasafn Reykjavíkur, Sauðfjarsetur á Ströndum og Þjóðminjasafn Íslands. Verðlaunaathöfnin var haldin í Safnahúsinu við Hverfisgötu en Sigrún Brynja Einarsdóttir, ráðuneytisstjóri í þáverandi menningar- og viðskiptaráðuneyti, afhenti verðlaunin fyrir hönd ráðherra, þar sem hvorki forseti, forsætisráðherra né menningarráðherra gátu verið viðstödd athöfnina. Þá komu verðlaunin í hlut Listasafns Reykjavíkur fyrir framsækið miðlunarstarf safnsins. Í dómnefnd sátu þau Haraldur Þór Egilsson (formaður, fyrir hönd Minjasafnsins á Akureyri), Bergsveinn Þórsson og Sigríður Örvarsdóttir (tilnefnd af ICOM IS), Helga Einarsdóttir og Sigríður Kristjánsdóttir (tilnefndar af FÍSOS).

Siðareglur ICOM fyrir söfn: endurskoðun og námskeið

Þann 16. september síðastliðinn kynnti fastanefndin ETHCOM, sem fjallar um málefni tengd siðareglum ICOM, fyrstu heildardrög að endurskoðuðum siðareglum á sérstökum veffund í aðdraganda fjórða og síðasta fasa samráðsferlisins um endurskoðun reglnanna, sem unnið hefur verið að með gagngerum hætti síðan 2021. Á Farskóla FÍSOS stóð ICOM IS því fyrir málstofunni *Endurskoðun siðareglna ICOM – hafðu áhrif*, þar sem leitast var við að virkja félagar til umræðna um fyrstu drögin að endurskoðuðum siðareglum. Skráðir þátttakendur voru 15 en málstofan fór fram að morgni síðasta dags farskóla og hana sátu 10 félagar. Miklar umræður mynduðust í málstofunni og var það sem þar kom fram lagt til grundvallar því áliti sem formaður skilaði inn til fastanefndarinnar í framhaldinu. Þá sat formaður einnig umræðufundi varðandi drögin með stjórn og meðlimum ICOM Nord og ICOM Europe, ásamt Sally Yerkovich, sem leiðir vinnuna við endurskoðunina fyrir hönd ETHCOM.

Þann 17. mars kynnti fastanefndin svo önnur heildardrög að endurskoðuðum siðareglum á veffund en þar með hófst lokafasi samráðsferlisins. Formaður sat aftur fundi með Sally Yerkovich, stjórn og meðlimum ICOM Nord og ICOM Europe, þar sem drögin voru tekin til sérstakrar umræðu en formaður horfði einnig sérstaklega til þess sem kom fram í umræðunni í fyrrnefndri málstofu með félögum, með það í huga hvernig fastanefndin hefði unnið úr fyrri athugasemdum frá landsdeildinni. Þá skilaði formaður inn áliti til nefndarinnar um drögin en í þessari umferð var boðið upp á að gera athugasemd við hverja grein hinna endurskoðuðu siðareglna fyrir sig, sem var ekki í boði á fyrri stigum. Er það hins vegar mat formanns að nefndin hafi brugðist með skýrum hætti við athugasemdum bæði landsdeildarinnar og svæðisbandalaganna tveggja í fyrri umferð og má búast við því sama nú þegar nefndin vinnur úr athugasemdum allra undirdeildanna. Stefnt er að því að fastanefndin birti lokaútgáfu af endurskoðuðum siðareglum í haust, sem skulu svo bornar upp til kosningar á 27. allsherjarþingi ICOM í nóvember, ef áætlanir standast.

Með tilliti til endurskoðunar siðareglanna mun ICOM IS ekki standa fyrir siðareglunámskeiði á árinu, líkt og tíðkast hefur með reglulegu millibili, en síðasta siðareglunámskeið var haldið á starfsárinu sem er að ljúka. Fór það fram í

Sjóminjasafninu í Reykjavík þann 24. apríl en leiðbeinendur voru þau Nathalie Jacqueminet og Hólmur Hólm. Skráðir þátttakendur voru 6 en vegna forfalla sátu aðeins 4 aðilar námskeiðið.

Útgáfu- og ferðasjóður

Auglýst var eftir umsóknum um styrki úr Útgáfu- og ferðasjóði Íslandsdeildar ICOM þann 3. september með frest til 17. september. Samkvæmt samþykktum sjóðsins er markmið hans að styrkja fullgilda félaga til að sækja alþjóðlega fundi og ráðstefnur á vegum ICOM, auk þess sem styðja má útgáfur á efni sem tengist faglegu starfi safna. Þá bárust alls 7 umsóknir um ferðastyrk í þessari umferð og mat stjórn allar umsóknir styrkbærar. Þá hlutu 7 félagar styrk upp á 50.000 krónur hver til þess að sækja ráðstefnur á vegum ICOM í París, Aþenu og Tblisi. Félagar sem hlutu styrk eru: Ariana Katrín Katrínardóttir, Björk Hrafnisdóttir, Halla Margrét Jóhannesdóttir, Hildur Inga Björnsdóttir, Nathalia Druzin Halldórsdóttir, Nathalie Jacqueminet og, Þorvaldur Gröndal. Fagnar stjórn þessum fjölda umsókna og gleðst yfir úthlutuninni, einkum með tilliti til þess að ekki hafði borist styrkbær umsókn um ferðastyrk síðan fyrir 26. allsherjarþing ICOM, sem haldið var í Prag 2022. Ráðgert er að auglýsa næst eftir umsóknum um styrki í kjölfar aðalfundar, nú í aðdraganda 27. allsherjarþings ICOM í nóvember.

Aðalfundur ICOM 2024 og fundir ráðgjafarráðs

Aðalfundur ICOM 2024 fór fram dagana 11. og 12. júní og var haldinn í Mucem-safninu í Marseille, Frakklandi, auk þess sem hægt var að taka þátt á netinu. Formaður sótti fundinn, auk þess sem stjórnarliðar höfðu atkvæðarétt í kosningu aðalfundar í gegnum netið, þar sem hver deild getur skipað alls 5 kjörmenn. Þá var þetta í fyrsta sinn síðan 2020 sem aðalfundurinn var ekki haldinn aðeins í gegnum netið en fulltrúar ráðgjafarráðsins kusu árið 2023 um að taka aftur upp fundarform í raunheimum til þess að uppfylla betur markmið ráðsins um að vera tengslamyndandi vettvangur fyrir fólk í faginu. Þess má einnig geta að þetta var í fyrsta sinn sem fundurinn var haldinn í safni, sem þótti einkar viðeigandi og allt utanumhald um fundinn var til fyrirmyndar.

Á fundinum voru bæði haldnir 96. fundur ráðgjafarráðsins og 39. aðalfundur ICOM. Ráðgjafarráðið, sem nú er undir forystu Antonio Rodríguez með Eunice Báez Sánchez sem varaformann, gegnir mikilvægu hlutverki sem stefnumótandi og ráðgefandi aðili fyrir ICOM og veitir margvíslegar umsagnir um starfsemi ráðsins. Á fundi ráðgjafarráðsins var meðal annars kosið um yfirskrift Alþjóðlega safnadagsins árin 2026 (*Museums Uniting a Dividing World*) og 2027 (*Museums as Source of Innovation and Change*), auk þess sem greint var frá áframhaldandi vinnu við endurskoðun siðareglna ICOM fyrir söfn.

Á aðalfundi var svo fjallað um hin nýstofnuðu ICOM-verðlaun, sem eru hugsuð sem alþjóðleg viðurkenning fyrir starf safna í þágu sjálfbærrar þróunar, auk þess sem dagsetningar og áherslur 27. allsherjarþings ICOM voru kynntar en þingið verður haldið í Dúbaí dagana 11. til 17. nóvember 2025 undir yfirskriftinni *The Future of Museums in Rapidly Changing Communities* og verða ICOM-verðlaunin veitt í fyrsta sinn á þinginu. Einnig var sagt frá því að unnið sé að því að finna lausnir til þess að bjóða félögum upp á rafrænt aðildarskírteini en könnun þess efnis var send út fyrir um vorið og verður þessi möguleiki að öllum líkindum prufukeyrður fyrst í völdum löndum þegar þar að kemur.

97. fundur ráðgjafaráðsins var svo haldinn í gegnum netið þann 7. nóvember og sótti formaður fundinn. Á þessum síðari fundi ársins er að jafnaði lögð áhersla á yfirferð reikninga, auk þess sem greint var frá framvindu ýmissa mála sem fjallað var um í Marseille.

ICOM Nord

Á vinnufundi stjórnar ICOM Nord í Helsinki bar það helst til tíðinda að ákveðið var að gera breytingu á skipan embætta, þar sem Søren La Cour Jensen, sem gegnt hefur formennsku frá stofnun ICOM Nord sem opinbers svæðisbandalags árið 2022, lét af störfum sem formaður en heldur áfram sem fulltrúi Danmerkur. Í hans stað tók Eero Ehanti, fulltrúi Finnlands, við sem formaður ICOM Nord en hann gegndi áður stöðu varaformanns. Þá tók Elina Nygård, sem gegndi áður stöðu meðstjórnanda fyrir hönd Svíþjóðar, við af honum sem varaformaður og loks tók Søren því við embætti meðstjórnanda. Engar breytingar urðu á öðrum embættum.

Fundurinn í Helsinki var haldinn í glæsilegum sal Amos Rex-safnsins en formönnum landsdeilda Eystrasaltslandanna var einnig boðið að sækja fundinn, þar sem rætt hefur verið um að stækka svæðisbandalagið og bjóða landsdeildum Eistlands, Lettlands og Litháens að vera með í samstarfinu. Þetta skref er liður í að styrkja tengslin á svæðinu og styðja við starfsemi landsdeilda Eystrasaltslandanna á þessum viðsjárverðu tímum, þar sem þau deila landamærum með Rússlandi. Stefnt var að því að kynna þetta fyrir félögum á aðalfundi ICOM Nord og huga að næstu skrefum.

Stjórn átti einnig fund í Borgarsögusafni Helsinki, þar sem rætt var við stjórn finnsku landsdeildarinnar og sérstakur gestur var Carina Jaatinen, sem situr í framkvæmdaráði ICOM og gegnir þar embætti gjaldkera. Hún greindi frá starfi framkvæmdaráðsins, faglegum umbótum innan ICOM og mikilvægi þess að Norðurlöndin séu sýnileg og virk í alþjóðlegu starfi samtakanna. Þá hvatti hún stjórn til þess að styðja við frambjóðanda frá svæðinu í komandi kosningum til framkvæmdaráðsins á 27. allsherjarþingi ICOM, þar sem skipunartími Carinu er senn á enda. Stjórn ræddi málið á fundum í framhaldinu og studdi formlega við framboð Kristiane Strætkvern frá Danmörku til setu í framkvæmdaráðinu.

Ársfundur ICOM Nord var haldinn þann 28. nóvember í gegnum netið en meðal gesta fundarins var Medea Ekner, aðalframkvæmdastjóri ICOM. Þá greindi hún frá helstu áherslum aðalskrifstofunnar, þar á meðal undirbúningi vegna væntanlegs allsherjarþings í Dúbaí, undirbúningi við ICOM-verðlaunin og þróun á nýjum gagnagrunni og rafrænni lausn fyrir aðildarskírteini. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa var svo rætt um áætlanir fyrir árið 2025 og fjallað um áðurnefnda stækkun svæðisbandalagsins með inntöku Eystrasaltslandanna, sem stjórn vonast til að formgera á aðalfundi ICOM Nord í Dúbaí í nóvember.

Á fundum stjórnar skapaðist einnig mikil umræða um siðareglur ICOM og ábyrgð safnastéttarinnar í ljósi átakanna í Úkraínu og annarra svæða þar sem menningarverðmæti eru í hættu, þar á meðal Palestínu. Spurt var hvernig ICOM geti brugðist við þegar félagar í samtökunum brjóta gegn siðareglunum og hvort fordæmi séu fyrir brottvikningu úr samtökunum. Eins hefur stjórn rætt um hvernig alþjóðalög og samþykktar siðareglur geti virkað sem vörn í stríðsátökum.

Efst á baugi hefur svo verið umræða um allsherjarþing ICOM í Dúbaí, einkum með tilliti til mannréttinda. Í kjölfar margra funda um málið, þar á meðal opins umræðufundar sem haldinn var þann 19. febrúar á netinu, virðast þó fulltrúar flestra landsdeildanna munu sækja allsherjarþingið og vegur þar þungt kosning um endurskoðaðar siðareglur og inntaka Eystrasaltslandanna í ICOM Nord, auk þess sem norska landsdeildin hefur sóst eftir því að 28. allsherjarþing samtakanna verði haldið í Osló árið 2028. Þá studdi ICOM Nord umsókn norsku landsdeildarinnar formlega þegar kallað var eftir umsóknum vegna 28. allsherjarþingsins í lok árs 2024.

ICOM Europe

ICOM Europe stóð fyrir félagafundi í Marseille þann 10. júní sem formaður sótti samhliða aðalfundi ICOM. Mikið var rætt um siðareglurnar og þau átök sem geisa víða um heim, með sérstakri áherslu á innrás Rússlands í Úkraínu. Í umræðum tók formaður Íslandsdeildar til máls og lagði áherslu á að þótt svæðisbandalagið kenni sig við Evrópu beri því einnig að fordæma stríðsrekstur, þjóðarmorð og kerfisbundna eyðileggingu menningarverðmæta hvarvetna í heiminum, þar á meðal í Palestínu, þar sem einnig sé um stríðsglæpi að ræða. Auk þessa sótti formaður tvo félagafundi sem snéru að endurskoðun siðareglna ICOM fyrir söfn: þann fyrri 12. nóvember síðastliðinn, þar sem fyrstu heildardrögin voru tekin til umræðu, og þann síðari 8. apríl, þar sem önnur heildardrög voru rædd. Á báðum fundum gerði Sally Yerkovich, sem leiðir vinnuna við endurskoðun siðareglanna fyrir hönd ETHCOM, grein fyrir stöðu mála og svaraði fyrirspurnum. Hafa þessar umræður verið upplýsandi og gagnlegar fyrir endurgjöf til ETHCOM vegna bæði fyrstu og annarra draga.

ICOM-verðlaunin

ICOM-verðlaunin eru alþjóðleg viðurkenning sem hefur nýlega verið stofnað til af samtökunum og er ætlunin með verðlaununum að vekja athygli á framúrskarandi starfi safna í þágu sjálfbærrar þróunar. Á síðasta ári bauðst undirdeildum ICOM að styðja tillögur um verkefni sem þykja verðskulda viðurkenningu á þessu sviði. Þá hafði formaður Íslandsdeildar samband við safnstjóra þeirra safna sem eru með stofnanaaðild að ICOM (og uppfylla þannig þau skilyrði sem gerð eru vegna verðlaunanna) til að upplýsa um tækifærið og athuga hvort vilji væri til að skila inn umsókn í sameiningu. Á aðalfundi ICOM Nord í lok síðasta árs upplýsti Medea Ekner, aðalframkvæmdastjóri ICOM, fundargesti um að alls hefðu borist 150 umsóknir frá 40 löndum. Þá skilaði Íslandsdeild ICOM inn umsókn ásamt Listasafni Íslands þar sem bent var sérstaklega á sýninguna *Viðnám*, sem stendur nú yfir í Safnahúsinu. Er fulltrúum safnsins þakkað fyrir að taka vel í málið og gleður það stjórn að hafa getað skilað inn tillögu til dómnefndar.

Þáttaka í stefnumótun á sviði safnamála

ICOM IS hefur á tímabilinu haldið áfram að viðhalda virku samtali við stjórnvöld og koma sjónarmiðum safnastéttarinnar á framfæri. Skilað var inn [umsögn um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar](#) þar sem vakin var athygli á mikilvægi þess að tryggja eflingu safna og fjármögnun menningarstofnana. Þá var send hvatning til stjórnvalda í samtali við önnur hagsmunafélög á sviði lista og menningar um að [tryggja áframhaldandi ráðuneyti menningar og skapandi greina](#) í kjölfar síðustu alþingiskosninga. Fulltrúi ICOM IS sat einnig fyrsta samráðsfund á vegum menningarráðherra með fagfélögum á starfssviði safna, sem kveðið var á um í lagabreytingarfrumvarpi ráðherra um safnalög í lok árs 2023. Fundurinn var haldinn þann 19. nóvember síðastliðinn og var það Ragnheiður Vignisdóttir, ritari Íslandsdeildar, sem sat fundinn í stað formanns. Þá má geta þess að boðað var til fundarins eftir að boðað hafði verið til alþingiskosninga en á fundinum voru kynntar reglur um fyrirkomulag samráðsfundanna, auk þess sem rætt var um stöðu safnastarfs á forsendum hinna ólíku félaga.

Fulltrúar ICOM IS í nefndum og ráðum

Á tímabilinu kom að því að skipa nýja fulltrúa í bæði safnaráð og húsafriðunarnefnd. Helga Lára Þorsteinsdóttir hafði setið í safnaráði fyrir hönd félagsins í tvö tímabil, síðan 2017, og Sigurður Trausti Traustason sem varafulltrúi, einnig síðan 2017. Í húsafriðunarnefnd hafði Helga Maureen Gylfadóttir svo setið í tvö samfelld tímabil, síðan 2017, og Örlygur Kristfinnsson sem varafulltrúi, síðan 2021. Eru þeim öllum færðar kærar þakkir fyrir góð störf í þágu félagsins, auk allra þeirra sem sitja enn í ráðum og nefndum fyrir hönd félagsins. Skipaðir fulltrúar eru:

Safnaráð

Guðrún Dröfn Whitehead (aðalfulltrúi)

Hólmur Hólm (varafulltrúi)

Skipuð frá 1. febrúar 2025 til 31. desember 2029.

Blái skjöldurinn

Inga Jónsdóttir (aðalfulltrúi)

Nathalie Jacqueminet (varafulltrúi)

Húsafriðunarnefnd

Alma Sigurðardóttir (aðalfulltrúi)

Björn Pétursson (varafulltrúi)

Tilnefnd sameiginlega af Íslandsdeild Alþjóðaráðs um minnisvarða og sögustaði, ICOMOS, ICOM IS og FÍSOS en þau eru skipuð á grundvelli 9. gr. laga um menningarminjar til fjögurra ára í senn, frá 2025 til 2029. Tekið skal fram að þegar þessi skýrsla er rituð hefur skipunarbréf ekki enn borist frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands

Sigríður Örvarsdóttir

Tengiliður við Evrópsku safnaverðlaunin

Helga Maureen Gylfadóttir er tengiliður EMF (European Museum Forum) sem stendur að Evrópsku safnaverðlaununum (EMYA).

Ábyrgðarmaður skýrslu:

Hólmur Hólm,

formaður Íslandsdeildar ICOM